

1871.

9. ágúst.

**76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjafsókn í máli handa umboðsmanni.**

Í bréfi 5. júní þ. á. hefir amtið farið fram á, að umboðsmanni Munkaþverár klausturs, Eggert Gunnarssyni, verði veitt gjafsókn til þess, að skjóta til hæsta réttar dómi hins konunglega íslenska landsyfirréttar, 15. maí þ. á., sem ónýtir fúgetagjörð nokkra, sem tæður umboðsmaður hafði látið fram fara gegn bóndanum Sigurjóni Magnússyni, og dæmir á hann málskostnað og skaðabætur; hafði umboðsmaðurinn byggt landseta þessum út af hálfum Ærlæk í Skinnastaðahrepp, sökum þess að hann stóð ekki í skilum með afgjaldið af jörðunni og niðdi hana niður, og lét síðan víkja honum burt af jörðunni með fúgetagjörðinni.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, að stjórnarráðinu virðist ekki vera næg ástæða til, að láta málið ganga til hæsta réttar, en til þess að komizt verði hjá slíkum málum eptirleiðis, mælumst vör til að þér hlutist til um, að hin óheppilega tilvísun til konungsbrefs 11. apríl 1781 9. gr.<sup>1</sup> í byggingarbréfum þeim, sem áður hafa verið útgefin, verði afmáð, og búumst vör við, að leiguliðar þeir, sem í hlut eiga, gefi samþykki sitt til þess.

9. ágúst.

**77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.**

Útaf bænarskrá, sem hingað hefir borizt beina leið, frá kaupmanni C. D. Túliníus frá Eskifirði, sem um þessar mundir dvelst hér í borginni, um að fá þann  $\frac{1}{4}$  hluta silfurbergsnámsins í Helgustaðafjalli, sem er þjóðeign, og hann nú sem stendur hefir

<sup>1</sup>) Lovsamling for Island, IV., 582.

á leigu, enn á leigu um 5 ár frá 1. janúar 1872 eða þá fyrir skemmri tíma, hefir dómsmálastjórnin leyft, að námurinn sè leigður sækjandanum um 1 ár frá 1. janúar 1872 fyrir 100 rd. afgjald.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, útaf uppástungu amtsins í bræfi 16. maí þ. á., og skal því viðbætt, að vèr höfum í dag tilkynnt Túlínus þetta.

1871.

9. ágúst.

**78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir norður- og austuramtíð.**

9. ágúst.

Útaf bænarskrá, sem barst hingað með bræfi amtsins, dagsettu 18. marzm. þ. á., og þar sem Daniel prófastur Halldórsson sækir um, að sèr verði veitt 14 rd. þóknun fyrir starfa sinn við að semja verðlagsskrárnar fyrir norður- og austuramtíð fyrir árið 1871—72, gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, og svo þèr birtíð það og gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að borga megi prófastinum 10 rd. úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins í þessu skyni.

**79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lækkun á jarðarafgjöldum.**

10. ágúst.

Í tveimur bréfum, dagsettum 16. júním. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki, að þèr samkvæmt uppástungu umboðsmanns Arnarstapaumboðs hafið leyft, að hálfir Gufuskálar, sem heyra undir nefnt umboð, og jörðin Kálfárvellir, verði hvortveggja bygd frá fardögum 1870 fyrir minna afgjald en áður; er afgjaldið af hálfum Gufuskálum fært niður um 1 vætt (2 rd. 16 sk. eptir verðlagsskránni) og